

Dr Bjarki Jóhannesson,
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. desember 2013
Tilvísun: UST20131100080/ksj

Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025.

Vísað er til erindis sviðsstjóra/skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025.

Helstu breytingar sem gerðar eru við endurskoðun aðalskipulagsins eru eftirfarandi:

- Hægt á uppbyggingu, bæði á íbúðasvæðum og atvinnusvæðum. Byggðasvæði vestan iðnaðarsvæðis er fellt út af þessu skipulagstímabili og einnig byggðasvæði sunnan við Ofanbyggðaveg.
- Byggðasvæðin Ásland 3, 4 og miðsvæði, Hamranes 2 og Vatnshlíð 1 og 2 eru afmörkuð nánar.
- Breyttar áherslur í uppbyggingu íbúðarhverfa. Byrjað er á Skarðshlíð og Áslandi. Síðar Vatnshlíð og þar á eftir Hamranes.
- Vatnsból við Straumsel fellt niður, minnkun á brunnsvæði við Mygludali
- Fallið er frá færslu Reykjanesbrautar, hún tvöfölduð í núverandi vegstæði. Eystri tengibraut frá Reykjanesbraut að Ofanbyggðavegi felld niður og verður að innanhverfisvegi.
- Ofanbyggðavegur færður eilítið sunnar, fjær Hamranesi 1.
- Hamraneslínur rifnar, Búrfellslína þrefölduð. Tengivirki á iðnaðarsvæðum færast í Hrauntungur og Suðurnesjalína flutt suður fyrir.
- Tillögur að aukinni hverfisvernd og friðlýsingum. Nýr hverfisverndarflokkur sem snýr að verndun götumyndar eða svæða með sérstöðu.

Áhrif mats á skipulag og náttúruminjar

Í umfjöllun um áhrif mats á skipulagsvinnuna kemur fram að þegar vinna við mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsins hófst, hafi þegar verið búið að leggja meginlínurnar varðandi t.d. byggðapróun og uppbyggingu atvinnusvæða, og því hafi matsvinnan og niðurstöður matsins ekki haft mikil áhrif á aðalskipulagið nema hvað varðar mótvægis- og vöktunaraðgerðir. Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu verða umhverfisáhrifin mest á þáttinn náttúruminjar þ.e.a.s. eldhraun sem nýtur sérstakrar verndar, sbr. 37.gr. laga nr.

44/1999 um náttúruvernd. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áhersla verði lögð á að hlífa óröskuðum hraunsvæðum, og taka röskuð svæði undir framkvæmdir þegar þess er kostur.

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnu sveitarfélagsins sem fram kemur í upphafi greinargerðar að ein af breytingunum sem gerð er frá gildandi aðalskipulagi er að hægt verður á uppbyggingu bæði á íbúðasvæðum og atvinnusvæðum og að ætlunin sé að þetta núverandi byggð þar sem þess er kostur.

Þar sem eldhraun er á svæðum þeim er áætlanir um uppbyggingu ná yfir er að mati Umhverfisstofnunar mikilvægt að óröskuð hraunsvæði verði athuguð og fegurstu jarðmyndanirnar verði teknar frá og haldið óröskuðum til að mynda ný „Hellisgerði“, fyrir komandi kynslóðir að njóta, t.d. hrauntungur á Selhrauns og Hamranessvæðinu. Einnig er mikilvægt að svæðum verði haldið óröskuðum vegna fræðslugildis fyrir komandi kynslóðir.

Fram kemur í umfjöllun um matsvinnuna að þess hafi verið gætt að skipulagið sé í samræmi við aðrar áætlanir þar á meðal Stofnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020 sem gefið var út af umhverfisráðuneyti árið 2002. Umhverfisstofnun bendir á að í ofangreindri stofnumótun kemur eftirfarandi fram: „*Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu.*“ Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 1. og 2. mgr. 73. gr. EES samningsins sem er í fylgiskjali með lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993 segir eftirfarandi: „*Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu byggjast á eftirtöldum markmiðum: að varðveita, vernda og bæta umhverfið; b. að stuðla að því að vernda heilsu manna; c. að tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Kröfur um umhverfisvernd skulu vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum.*“

Umhverfisstofnun tekur undir að mótvægisáðgerðir s.s. nánari útfærsla á framkvæmdum í skipulagi, vönduðum skipulagsskilmálum og náttúrufarsúttekt megi nota sem grunn við forgangsröðun í verndaraðgerðum og muni vega á móti hinum neikvæðu áhrifum á hraun. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að við deiliskipulagningu svæðanna verði fegurstu hraunmyndunum hlíft. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að slík svæði séu utan byggingalóða sem úthlutað er til einkaaðila. Að mati stofnunarinnar hefur ekki tekist nægilega vel til þegar í skilmálum byggingalóða er mælt til að lóðarhafar verndi hraunmyndanir, yfirleitt er yfirborð lóða sléttað út þrátt fyrir slík tilmæli. Umhverfisstofnun tekur undir mótvægisáðgerðir á bls. 11 í umhverfisskýrslu sem ætlað er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á hraun. Stofnunin tekur einnig undir umfjöllun um hraun á bls. 17 í umhverfisskýrslu.

Umhverfisviðmið

Í umhverfisskýrslu er listi yfir þau viðmið sem notuð eru við vinnslu endurskoðaðrar aðalskipulagstillögu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hafa reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp einnig sem viðmið. Umhverfisstofnun bendir á að þrátt fyrir að grófhreinsistöð hafi verið reist og fráveita sveitarfélagsins nú grófhreinsuð áður en skólp fer í útrás, þá eru svæði eins og frístundahús við Sléttuhlíð þar sem nauðsynlegt er að benda á að rotþrær skulu uppfylla ofangreinda reglugerð og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um

rotþrær og siturlagnir.

Atvinnulíf

Umhverfisstofnun telur jákvætt að Hafnarfjarðarbær hefur hafið mælingar á iðnaðarsvæðum og nærliggjandi svæðum í Hellnahrauni en þar hefur mælst mengun þungmálma í mosa. Umhverfisstofnun telur vöktun á svæðinu mjög mikilvæga, m.a. til að fylgjast með svo ljóst sé hvar uppsprettu mengunarinnar, þannig að hægt sé að grípa til viðeigandi aðgerða.

Efnistökusvæði og aflosunarsvæði

Í greinargerð er skýr yfirferð yfir námasvæði innan sveitarfélagsins. Þar kemur fram að áfram verði unnið í Undirhlíðanámu og stefnt að því að vinna þar eins mikið magn og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem námustál er mjög hátt í viðkomandi námu, er nauðsynlegt að vinna við frágang fari fram samhliða efnistöku.

Umhverfisstofnun tekur undir að námavinnsla á landareign Skógræktar ríkisins verði takmörkuð við þegar raskað hraun.

Varðandi Kapelluhraun – Hellnahraun, þá tekur stofnunin undir það að fyrrverandi náma er ekki merkt sem slík á tillöguuppdrætti, enda skulu námasvæði einungis merkt þar sem ætlunin er að vera með efnistöku á skipulagstímabilinu.

Umhverfisstofnun bendir á varðandi námu í Óbrinnishólum að frágangsaætlun á að liggja fyrir þegar framkvæmdaleyfi er veitt sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á vefinn namur.is varðandi frekari upplýsingar um efnistöku. Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun um efnistökusvæði í umhverfisskýrslu ekki nægilega skýr.

Vistkerfi

Í umhverfisskýrslu er fjallað um flæðigryfjur og förgun kerbrota á vegum álversins í Straumsvík. Umhverfisstofnun bendir á að staðsetning flæðigryfja skal ákveðin í samráði við Umhverfisstofnun, sjá starfsleyfi álversins.


Skipulagi frestað – valkostir: Hafnarsvæði eða fólkvangur


Að mati Umhverfisstofnunar er svæðið vestan álversins í Straumsvík mikilvægt náttúruminjasvæði enda er svæðið á náttúruminjaskrá eins og fram kemur í umhverfisskýrslu. Umhverfisstofnun undirstrikar að svæðið hefur mikið útivistar- og rannsóknar- og fræðslugildi. Umhverfisstofnun tekur undir að verndargildi stærstu samfelldu óröskuðu fjörunnar á höfuðborgarsvæðinu sem er vestan Straumsvíkur er mikið. Sérstaklega telur stofnunin mikilvægt að hinar ísöltu tjarnir við Straumsvík sem eru einstæðar á lands- og mögulega heimsvísu, verði hlíft öllu raski.

Umferð

Umhverfisstofnun telur stefnumótun um göngu-, hjólreiða- og reiðstíga ásamt stefnu um útivistarstíga til fyrirmyndar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun